

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700064/bs

Mat á umhverfisáhrifum - Urðunarstaður á Stjórnarsandi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umræddri framkvæmd felst að ráðgert er að urða árlega á urðunarsvæði á Stjórnarsandi um 220 tonn af heimilissorpi í stað 52. tonna af ösku sem urðað var frá sorpokustöðinni. Heildarstærð svæðisins er 4,7 ha, en gerð er breyting á 0,7 ha vegna fyrirhugaðrar urðunar heimilissorps.


Hér er um lítið magn sorps að ræða sem sem urðað verður á urðunarsvæð svæði sem er þegar í notkun. Helstu umhverfisþætti sem geta orðið fyrir áhrifum eru taldir vera landslag og sjónrænir þætti og áhrif á jarðveg og grunnvatn.

Áhrif á landslag verða óveruleg þar sem fyrirhuguð urðun fer fram á núverandi urðunarsvæði. Gæði yfirborðsvatns og eftir því sem við á grunnvatns skal meta út frá umhverfismörkum tilgreindum í reglugerð nr. 786/1999, um varnir gegn mengun vatns. Í gildi er vöktunaráætlun fyrir svæðið.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd breyting á urðun á Stjórnarsandi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Sigríður Kristinsdóttir


Björn Stefánsson
sérfræðingur